

**Nr. 17-097 S 073 Þruma 1, RIB farþegabátur.****Farþegi slasast í baki**

Skipaskr.nr. 7797  
Útgerð: Sea Safari ehf.  
Smíðaður: 2015, trefjaplast.  
Stærð: 11,23 bt.  
Mesta lengd: 10,45 m Skráð lengd: 9,41 m  
Breidd: 3,60 m Dýpt: 1,33 m  
Vél: Suzuki, 441,4 kw, árg:2015  
Fjöldi skipverja: 2  
Fjöldi farþega: 10



Þruma 1 ©Elding

**Gögn:**

Lögregluskýrsla

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

**Atvikalýsing:**

Þann 21. júní 2017 var farþegabáturinn Þruma 1 á siglingu á Faxaflóa með farþega í hvalaskoðun. Veður: Akranes SSA 7,5 m/s, ölduhæð um 1 m.

Á siglingu bátsins slasaðist einn farþegi á baki þegar hann fékk högg undir sig þegar siglt var fram af öldu. Slasaði var í fremstu sætaröð í bátinum þegar atvikið átti sér stað. Farið var með slasaða á sjúkrahús.

**Við rannsókn kom fram:**

- að fram kom hjá skipstjóra að hraði bátsins hefði verið um 12–15 hnútar þegar farþeginn slasaðist. Einnig kom fram að sigldur hraði frá höfn að hvalasvæði væri yfirleitt um 30 hnútar. Hann kvað siglingahraða ekki hafa verið of mikinn miðað við aðstæður;
- að allir farþegar voru aðvaraðir um þær hættur sem ferðinni fylgir og kennt að bera sig í bátinum á ferð að sögn skipstjóra;
- að skipstjóri hafði mikla reynslu í siglingu svona báta;
- að fram kom hjá skipstjóranum að útgerðin hafi ákveðið að setja í báta hennar fjaðrandi sæti.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en vísar í fyrri álit sín um slys af sama toga þar sem niðurstaðan hefur ávallt verið sú að siglt hafi verið of hratt miðað við aðstæður.